

## Zig-Zak barnasokkar



Ég sá sokka með þessu munstri á Ravelry. Mér þykir þetta munstur alltaf skemmtilegt og ákvað að prjóna barnasokka með þessu munstri. Með því að breyta grófleika garns og nota fínni eða grófari prjóna getur þú fengið mismunandi stærðir af þessum sokkum, breytir bara lengd á fæti eftir því sem hentar verðandi eiganda.

**Garn:** Ég notaði Smart í bláu sokkana og Dale Falk fyrir bleiku sokkana, 2 dokkur í báðar stærðir

**Prjónar:** Sokkaprjónar nr 3 fyrir minni sokkana, sokkaprjónar nr 4 fyrir stærri sokkana.

**Prjónfesta:**

28 lykkjur á prjóna nr 3 = 10 sm

24 lykkjur á prjóna nr 4 = 10 sm

**Stærðir:**

Bláu sokkarnir eru í skóstærð: 26-28 (3-5 ára)

Bleiku sokkarnir eru í skóstærð: 36-38 (8-10 ára)

**Útskýringar á skammstöfunum:**

v: prjónið framan og aftan í lykkjuna

4S: prjónið 4 lykkjur slétt

1Ó+2Ss+STY: ein lykkja tekin óprjónuð, tvær lykkjur prjónaðar sléttar saman, óprjónuðu lykkjunni steipt yfir

sm: sentimetrar

B: prjónið bruðið

S: prjónið slétt

s: saman

2Szs: prjónið 2 lykkjur slétt saman í gegnum aftir lykkjuboga á báðum lykkjum

Sz: prjónað slétt aftan í lykkjuna; í aftari lykkjubogann

### **ZigZag munstur:**

Umferð 1: prjónið slétt

Umferð 2: prjónið \*v, 4S, 1Ó+2Ss+STY, 4S, v\* endurtakið \*-\* út umferðina.

### **Aðferð:**

Fitjið upp 52 lykkjur og prjónið stroff 2 slétt, 2 brugðið, 2½ sm. Skiptið yfir í ZigZag munstur og prjónið þar til stykkið mælist 16-17 sm

### **Hællstykki:**

Hællstykkið er prjónað yfir 26 lykkjur á prjóni 3 og 4 en lykkjur á prjóni 1 og 2 eru geymdar á meðan; snúið við og prjónið:

**Umferð 1 (frá röngunni):** Takið fyrstu lykkju óprjónaða, prjónið brugðið út umferðina = 26 lykkjur

**Umferð 2 (frá réttu):** \*takið 1 lykkju óprjónaða, prjónið 1 lykkju slétt\* endurtakið frá \*-\* út umferðina. = 26 lykkjur

Endurtakið þessar tvær umferðir þar til;

Minni sokkur: 20 umferðir hafa verið prjónaðar, endið á umferð frá réttunni.

Stærri sokkur: 24 umferðir hafa verið prjónaðar, endið á umferð frá réttunni.

### **Hælúrtaka:**

Umferð 1 (frá röngunni): Takið fyrstu lykkju óprjónaða, prjónið 14B, 2Bs, 1B, snúið við

Umferð 2 (frá réttunni): Takið fyrstu lykkju óprjónaða, prjónið 5S, 2Szs, 1S snúið við

Umferð 3: Takið fyrstu lykkju óprjónaða, prjónið brugðið þar til 1 lykkja er að gatinu, 2Bs, 1B, snúið við

Umferð 4: Takið fyrstu lykkju óprjónaða, prjónið slétt þar til 1 lykkja er að gati, 2Szs, 1S, snúið við

Endurtakið umferðir 3 og 4 þar til allar lykkjur hafa verið prjónaðar = 16 lykkjur

Skiptið þeim á 2 prjóna og takið upp á hlið hælsins:

Minni sokkur: 10 lykkjur

Stærri sokkur: 14 lykkjur

Umferðin byrjar nú á miðjum hæl (undir il) og er prjónað slétt yfir prjón 1 og 4 en munstur yfir lykkjur á prjóni 2 og 3.

Minni sokkur: nú eru 18 lykkjur á prjóni 1 og 4 en 13 lykkjur á prjóni 2 og 3

Stærri sokkur: nú eru 22 lykkjur á prjón 1 og 4 en 13 lykkjur á prjóni 2 og 3.

Prjónið eina umferð slétt á prjóni 1 og 4, **ATH:** prjónið lykkjur á hælstykki Sz og munstur á prjóni 2 og 3.

### **Úrtaka á aukalykkjum:**

Prjónn 1: prjónið þar til 3 lykkjur eru eftir á prjóninum, 2Ss, 1S,

Prjónn 2: prjónið munstur

Prjónn 3: prjónið munstur

Prjónn 4: 1S, 2Szs, prjónið slétt út prjóninn

Prjónið 1 umferð án úrtaka (prjónið slétt á prjónum 1 og 4 en munstur yfir prjóna 2 og 3)

Endurtakið þessar tvær umferðir þar til 13 lykkjur eru eftir á prjóni 1 og 4.

Prjónið nú áfram án úrtaka þar til lengd á sokk er 4 sm styttri en rétt lengd á að vera.

### Úrtaka á tá:

Nú er prjónað slétt yfir allar lykkjur, prjónið úrtökumferð þannig:

Prjónn 1: prjónið slétt þar til 3 lykkjur eru eftir 2Ss, 1S

Prjónn 2. 2Sz, prjónið slétt út prjóninn

Prjónn 3: prjónið slétt þar til 2 lykkjur eru eftir 2Ss

Prjónn 4: 1S, 2Szs, prjónið slétt út prjóninn

Prjónið 3 umferðir án úrtöku

Prjónið úrtökumferð

Prjónið 2 umferðir án úrtöku

Prjónið úrtökumferð

Prjónið 1 umferð án úrtöku

Takið nú í hverri umferð þar til 16 lykkjur eru eftir, prjónið þá 2 lykkjur slétt saman út umferðina = 8 lykkjur eftir. Slítið bandið frá og dragið í gegnum þær sem eftir eru.

Gangið frá endum, þvoið sokkana og leggið til þerris.



© Handverkskunst